



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn á Hótel Fljótshlíð, þriðjudaginn 12. apríl 2016 kl. 10:00

Ása Valdís Árnadóttir, formaður stjórnar, býður fundargesti velkomna og fagnar því að markaðsstofan sé orðinn enn mikilvægari hlekkur en áður í ferðapjónustu á Suðurlandi og gegni lykilhlutverki í öllu stoðkerfinu ásamt Ferðamálastofu og Íslandsstofu. Ása vekur máls á stöðu sem komin er upp í málefnum ferðamálasamtaka á landsvísu. Ferðamálasamtök Íslands voru fyrir skömmu lögð niður og eru breytingar í farvatninu hjá fleiri ferðamálasamtökum, t.d. hjá Ferðamálasamtökum Norðurlands eystra. Þar er hugmyndin að þau samtök verði vistuð innan Markaðsstofu Norðurlands. Lítil sem engin starfsemi hefur verið innan Ferðamálasamtaka Suðurlands um nokkurt skeið og ekki starfandi stjórn. Það hefur skapað vandamál við skipun í stjórn MSS en Ferðamálasamtök Suðurlands eiga þar 2 fulltrúa. Ása bendir á að þegar Markaðsstofa Suðurlands var stofnuð á sínum tíma hafi hún að langmestu leyti tekið yfir það hlutverk sem Ferðamálasamtök Suðurlands hafi haft. Hún leggur það til að þessi mál verði skoðuð næsta árið og vel fylgst með framvindu í öðrum landshlutum.

Formaður stjórnar tilnefnir Ísólf Gylfa Pálmason sem fundarstjóra og Ragnhildi Sveinbjarnardóttur sem fundarritara, það er samþykkt.

Ársreikningur 2015

Þórður Freyr Sigurðsson, stjórnarmaður MSS, fer yfir ársreikning Markaðsstofu Suðurlands 2015. Á síðastliðnu ári fjölgaði aðildarfyrirtækjum, styrkir og framlög hækkuðu og nýir samningar voru gerðir við sveitarfélög. Viðsnúningur var á rekstri MSS á árinu og var 2.034.944 kr. hagnaður sem fer í að greiða niður halla síðasta árs.

Þórður svarar spurningum úr sal og svo er ársreikningur samþykktur.

Yfirlit verkefna ársins 2015 og verkefna- og fjárhagsáætlun MSS 2016

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fer yfir verkefni ársins 2015 og þær áherslubreytingar sem hafa orðið. Þá er farið yfir verkefni og fjárhagsáætlun næsta árs.

[Hér er hægt að skoða kynningu Dagnýjar](#)

Nokkrar fyrirspurnir og innlegg berast úr sal og svarar Dagný þeim.

Skipun nýrrar stjórnar MSS 2016- 2017

Aðalmenn:

Ása Valdís Árnadóttir – Visit South Iceland ehf

Gunnar Þorgeirsson - SASS

Þórður Freyr Sigurðsson – SASS

Sigurður Rafn Hilmarsson – Ferðamálsamtök Suðurlands

Magnús Bragason – Ferðamálasamtök Suðurlands

Sigurlaug Gissurardóttir – Ferðamálasamtök Austur Skaftafellssýslu

Varamenn:

Eyrún Jónasdóttir – Visit South Iceland ehf

Bjarni Guðmundsson – SASS

Sigurdís Guðjónsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Sigrún Kapítola Guðrúnardóttir – Ferðamálasamtök Austur Skaftafellssýslu

Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings

Skoðunarmenn ársreiknings:

Björg Árnadóttir

Kristófer Tómasson

Ragnar J. Bogason til vara

Gunnsteinn Ómarsson til vara

Önnur mál

Engin önnur mál

Fundi slitið 11:00

Kaffihlé

Erindi

Áherslur 2016 í markaðssetningu Íslands á erlendum mörkuðum ásamt kynningu á nýrri herferð Íslandsstofu „Iceland Academy“ - Inga Hlín Pálsdóttir, forstöðumaður ferðaþjónustu og skapandi greina hjá Íslandsstofu

Markaðsgreining áfangastaðarins Suðurlands – fyrstu niðurstöður greiningarinnar – Haraldur Daði Ragnarsson, Manhattan Marketing

Fundi slitið klukkan 12:20